

Fundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 4. mars 2020

Formaður, Kristófer Þorleifsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann minntist í upphafi látinna félaga sem andast hafa frá síðasta fundi, þeirra Hjálmars Freysteinssonar fyrrverandi heilsugæslulæknis á Akureyri og þjóðþekktu hagyrðings, sem lést 6. febrúar sl. 77 ára að aldri og Lárusar Jóns Karlssonar geðlæknis á Akureyri er lést 14. febrúar sl. tæpra 72 ára. Risu fundarmenn úr sætum í minningu þeirra.

Formaður kynnti fyrirlesara fundarins, Torfa Magnússon taugalækni. Nefnir hann fyrirlestur sinn: „Valdavíma, valdafíkn, valdhroki“.

Torfi benti á nokkur dæmi um þjóðarleiðtoga síðustu aldar sem hafa verið sjúkir á valdatíma sínum og nefndi (Pompidou-cussingsjúkd.), Kekkonen (elliglöp), Reagan (elliglöp, gerði ekki alltaf mun á leik og alvöru!) og falla þannig ekki undir skilgreiningu fyrirlestrarins, en benti á að valdamenn breytast á valdatíma sínum. „Vald spillir, algjört vald gjörspillir“. Leitaði TM skýringa, efnafræðilegra og/eða líffræðilegra. Dæmi um þróun heilkennisins “ valdavíma > valdafíkn > valdhroki: Sannfæring um eigið ágæti, ágæti eigin skoðana, ofvaxin tilfinning eigin mikilvægis, vera upptekin af eigin ímynd og sýnileika í rás atburða, minnkuð samhygð með öðrum, lítilsvirðing gagnvart þeim sem eru á öndverðum meiði, fer sínu fram, predikar. Hafinn yfir leikreglur samfélagsins. Einkenni versna með valdatímanum, spilling og að lokum fall. David Owen lýsti málsverði með Tony Blair í júlí 2002: T.B. ýtti burt öllum umræðum um afleiðingar innrásarinnar í Írak, öll vandamál væri hægt að leysa, eirðarlaus, eins og spámaður sem er sannfærður um eigin málstað. Taldi sig hafinn yfir leikreglur samfélagsins, einkenni versna með valdatímanum, dómgreind bregst, spilling, sem leiðir að lokum til falls. “Dramb er falli næst“.

Dylgjur um andleg veikindi Jónasar frá Hriflu. Jónas Kristjánsson læknir sagði í þingræðu 1927 um nafna sinn: „Hann er ekki andlega heilbrigður, háttvirtur þingmaður er sjálfur stöðugt ölvaður af hatri, illkvittni og ofsóknarástríðu og það rennur aldrei af honum“. Læknar sögðu Jónas geðveikan. Stóra bomban féll svo 1930. Þarna virðist hafa verið um að ræða breytingu á persónuleika ef marka má bréf Sigurðar Nordal til JJ. „Þegar ég kynntist þér fyrst varstu einstaklega geðfelldur og efnilegur unglingur. Þú vildir ekki aðeins verða að manni heldur verða til gagns. fyrst í stað hugðirðu alls ekki til valda. „Í raun og veru byrjaði sorgarsaga þín þegar þú varðst ráðherra. „Þú fékkst mikil mannaforráð bæði með góðu og illu, en að því skapi sem þér reyndist auðveldara að stjórna öðrum gekk þér verr að stjórna sjálfum þér... Þig skorti ró og jafnvægi, þrúðmennsku og háttvísi.....

Efnafræði og umbreyting: Testósterón er kynhormón karla, tengt ýmsum þáttum „karlhegðunar“ s. s. hvatvísi, spennuþörf, verða illvígari og harðari af sér, hækkaður sársaukaþröskuldur, drottnunargirni, árásargirni, ofbeldi. Sigrar og völd hækka testósterón, þetta er hormón sigurvegararans.

Virðing og aðdáun eykur framleiðslu dópamíns í heila, sbr. rannsóknir á baviönnum. Völd, peningar, kynlíf og kókaín auka virkni dópamíns. Dópamín tengist vellíðan vegna valda, en til að ná áframhaldandi áhrifum þarf stækkandi skammta. Stöðug ofvirkni testósteróns og dópamíns leiðir til fíknar í enn meiri völd. Samfélagsleg valdaþörf er af hinu góða, minnkar persónulega valdaþörf, temprar flæði testósteróns við sigur og temprar sennilega dópamínflæði og minnkar þannig líkur á valdavímu og valdafíkn. Valdamikill leiðtogi, fullur valdhroka, er heiminum hættulegri en hefðbundin veikindi. Lýðræðið getur haldið aftur af valdhrokanum. Takmörkun á valdatíma er einn helsti öryggisventillinn til að takmarka valdhrokann.

Torfi svaraði að lokum spurningum fundarmanna. Formaður sleit síðan fundi.

Fundargerð ritaði Jóhannes M. Gunnarsson